

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag i Hamranesi I.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. ágúst 2020 nýtt deiliskipulag í Hamranesi I, nýbyggingarsvæði fyrir reiti 6, 10 og 11 og reiti 7, 8 og 9.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á umræddum reitum.

Málsmeðferð var skv. 41. og 42. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Norðurbakka.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka.

Breytingin nær til lóðanna við Vesturgötu 4, 6 og 8. Á uppdrætti eru framangreindar lóðir afmarkaðar. Byggingarreitur við Vesturgötu 8 er minnkaður og miðar nú við stærð númerandi húss á lóðinni. Jafnframt er gert ráð fyrir brunavörnum sem nái út fyrir lóðarmörk Vesturgötu 8.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hvamma.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 2. september 2020 breytingu á deiliskipulagi Hvamma.

Breytingin nær til lóðarinnar við Lækjarhvamm 1. Í breytingunni felst að lóðin við Lækjarhvamm 1 er staðkuð út móti opnu bæjarlandi.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 18. september 2020.

F.h. skipulagsfulltúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir.